

## Menntaskóli Borgarfjarðar

**Námsgrein:** Íslenska 304 /ÍSLE3BF06

Fjöldi framhaldsskólaeininga: 6

Undanfari: Íslenska 204

Lýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á íslenskum bókmenntum frá landnámsöld til siðaskipta. Fjallað verður um upphaf ritunar á Íslandi og bókmenntasögu tímabilsins. Lesin verða eddukvæði, Íslendingasaga, Íslendingaþættir, helgikvæði og veraldleg kvæði. Nemendur skrifa bókmenntaritgerð og tjá sig munnlega og skriflega um efni áfangans.

**Kennslugögn:**

**Bókmenntir í nýju landi. Íslensk bókmenntasaga frá landnámi til siðaskipta.**  
Ármann Jakobsson. Bjartur 2012.

**Ormurinn langi. Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900 - 1900.**  
Ritstjórar: Bragi Halldórsson, Knútur S. Hafsteinsson og Ólafur Oddsson. Bjartur 2005.

**Egils saga.** Bergljót S. Kristjánsdóttir og Svanhildur Óskarsdóttir sáu um útgáfuna.  
Mál og menning 1998.

**Handbók um ritun og frágang.** Höfundar: Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal.  
Mál og menning 2006.

## **Námsmat:**

Völuspá – skriflegt próf 5%

Hávamál – framsöguerindi 5%

Helgakviða Hundingsbana – munnlegt próf 5%

Ritgerð. Valið efni úr Egils sögu 20%

4 krossapróf úr Egils sögu – 20%, meðaleinkunn gildir

Sagnaritun og kveðskapur síðmiðalda. Verkefni og próf 20%

Bókmenntasaga – próf 15%

Tímaverkefni 10%

## **Lokamarkmið áfanga:**

### **Þekkingarviðmið:**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskra bókmennta
- mismunandi tegundum íslenskra bókmennta að fornu
- helstu bókmenntahugtökum og sögu bókmennta frá landnámi til siðaskipta
- ritgerðasmíð og heimildavinnu

### **Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita bókmenntahugtökum til greiningar á bókmenntatextum
- lesa ýmsar gerðir ritaðs máls að fornu sér til gagns og gamans
- skilja lykilhugtök og greina mismunandi sjónarmið
- draga saman og nýta á viðurkenndan hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- rita bókmenntaritgerð þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun við úrvinnslu efnis og heimilda og setur mál sitt fram á skýran og greinargóðan hátt

### **Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran og greinargóðan texta og beita málinu á viðeigandi hátt
- beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- greina og túlka bókmenntaverk og skrifa bókmenntaritgerð um afmarkað efni